

**Grunnskóli
Hornafjarðar
470 8400**



Fundargerð

5. fundur í skólaráði Grunnskóla Hornafjarðar 2018-2019

26. mars 2019 kl. 11:40 – 13:00 í Heppuskóla – stofu 8

Boðið var upp á hádegismat á fundinum

Fundarstjóri: Þórgunnur Torfadóttir

Fundarritari: Anna Björg Kristjánsdóttir

Mættir: Sunna Guðmundsdóttir, Steinunn Hödd Harðardóttir, Gunnhildur Imsland, Kristín Hermannsdóttir, Margrét Kristinsdóttir, Anna Björg Kristjánsdóttir, Anna María Harðardóttir, Salvör Dalla Hjaltadóttir, Þórgunnur Torfadóttir, Guðbjörg Anna Bergsdóttir, Elín Magnúsdóttir.

Dagskrá :

1. **Skóladagatal** – Skóladagatal lagt fram og samþykkt. Það verður sett á heimasíðu skólans um leið og búið verður að gagna frá því að það geti verið með þessu sniði. Þá verði foreldrar líka upplýstir um það hið fyrsta svo þeir geti planað sín frí í samræmi við skóladagatal barnanna.
2. **Fjarvistir** – samanburður við niðurstöður frá í fyrra. Þórgunnur hefur tilfinningu fyrir því að foreldrar sinni námi barna sinna betur á meðan á leyfum stendur og passi einnig betur upp á félagslega þáttinn þegar komið er úr fríum. Rætt var um hugtakið skólaforðun og hvað það feli í sér. Þórgunnur fór yfir þær skilgreiningar sem unnið hefur verið eftir í skólanum en þær eru;
 - a. Mætir ekki í skólann vegna tilfinningaerfiðleika, þar með vegna kvíða og þunglyndis.
 - b. Mætir ekki í skólann því hann vill forðast einhverjar sérstakar aðstæður
 - c. Mætir ekki í skólann til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu. Þeir sem falla undir þennan hóp geta t.d. verið börn með alvarlegan aðskilnaðarkvíða sem þeir hafa þróað með sér til að fá athygli. Þeir geta sýnt áberandi stjórnsama og ögrandi hegðun með miklu látbragði, reiðiköstum, öskrum eða þeir hlaupa í burt.
 - d. Mætir ekki í skólann af því aðrir staðir eru áhugaverðari. Þar getum við notað hugmyndaflugið. Getu verið í tölvunni, verslunarmiðstöðinni, sofandi, að hitta vini eða nota eiturlyf og áfengi.

Hér fyrir neðan er samanburðartafla yfir fjarveru nemenda frá hausti síðustu tvo vetur.

	Fjarvera 9-17 dagar	%	Fjarvera 18 dagar +	%
Apríl 2018	72 nemendur	28,9	57 nemendur	22,9
Mars 2019	84 nemendur	35,4	37 nemendur	15,6

3. Foreldrakönnun í skólapulsinum - Þórgunnur fór yfir niðurstöður í foreldrakönnun Skólapulsins 2018-2019. Flestir þættir koma vel út og betur en á sama tíma fyrir ári. Fram kom að ekki er neitt opið eineltismál í skólanum eins og er og niðurstöður sem tengjast einelti koma mun betur út en á síðasta ári. Nokkur eineltismál hafa þó komið upp í vetur en búið er að loka þeim og vonandi verður ekki ástæða til að opna þau aftur en það sé þó vissulega gert ef ástæða þyki til. Í það heila eru niðurstöðurnar jákvæðar fyrir skólann. Ánægja með stjórnun skólans er umtalvert minni en á síðast ári og er það eini þátturinn sem kemur eitthvað að ráði verr út þó enn sé ánægja með stjórnun skólans yfir landsmeðaltali. Á þessari vefslóð er hægt að skoða niðurstöður Skólapulsins betur. <http://gs.hornafjordur.is/media/annad/Nidurstodur-foreldrakonnunar-Skolapulsins-2019.pdf>

4. Önnur mál –

- a. Bekkjarmyndataka í 1., 4., 7. og 10. bekk 27. mars. Foreldrar allra nemenda í þessum bekkjum þurfa að mæta í skólann til að skrifa undir samþykki þess að megji taka myndirnar. Foreldrar barna í sveitunum fengu að senda tölvupóst sem festur er við samþykkið. Nokkrar umræður urðu um persónuverndarlögin og hvort ekki verði hægt að veita samþykki sitt í eitt skipti fyrir öll með þeim fyrirvara að alltaf sé hægt að draga samþykki til baka. Þessi mál verða vonandi komin á hreint næsta haust.
- b. Breytingar á Vöruhúsi – stefnt er að því að framkvæmdir hefjist um miðjan apríl og ljúki um miðjan október. Á því tímabili verður kennsla í textíl, smíðum og myndmennt að fara fram annars staðar og að einhverju leyti með öðru sniði. Þrjár stofur verða rýmdar í skólanum svo þessar greinar geti haft einhverskonar aðstöðu. Fablafið fellur væntanlega alveg niður fram á vor en kennsla í því ætti að geta hafist í ágúst.
- c. Húsnæðisþrengingar í Kátakoti. Nú lítur út fyrir að allt að 70 börn verði þar næsta vetur og því er verið að athuga með hvort hægt er að fá lausa stofu og bæta við. Fræðslustjóri og skólastjóri eiga að koma með tillögur í apríl. Verið er að skoða alla möguleika með sem besta lausn fyrir börn og starfsfólk í huga.
- d. Fjölbreytt kennsla – áhersla á mikilvægt nám á vordögum
 - i. Stóri hreinsunardagurinn 24. apríl
 - ii. List fyrir alla 23. og 24. maí
 - iii. Þemadagar í 27. – 29. Maí - Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna
 - iv. Vettvangsferðir í maí
 - v. Skólaferðalag
 - vi. Og fleira og fleira.
- e. Spurning um bekkjarkvöld og hvort þau séu hætt eða hver staðan sé með þau. Eiga kennararnir að halda þau eða tenglar? Fram kom að algengast er að hafa tvö bekkjarkvöld í 7. bekk en eitt í 5. og 6. bekk á vegum skólans. Þetta hefur þó ekki verið algilt.
- f. Næsti fundur áætlaður 7. maí.